



Reykjavík, 11.júní 2020

Fréttabréf til notenda

Hagstofan leggur mikla áherslu á að eiga góð samskipti við notendur hagtalna. Á árinu var gert átak í að koma á reglubundnum fundum með notendahópum. Fundað var með fimm notendahópum og leitast eftir að fá endurgjöf um það hvað notendur væru ánægðir með og á hvaða sviðum þeir myndu vilja sjá úrbætur. Þá gátu notendur veitt úrbótahugmyndum atkvæði um forgangsöröðun verkefna. Mjög góð mæting var á fundina og til varð fjöldi úrbótahugmynda.

Á þessum fundum skrifuðu fundargestir niður hugmyndir sínar á miða og kynntu þær síðan í framhaldi. Að því loknu var hverjum og einum útveguð þrjú atkvæði sem hann/hún máttu nota til þess að kjósa um hugmyndir. Sú hugmynd sem fékk flest atkvæði fór efst í forgangsöröðunina og svo koll af kolli.

Þær hugmyndir sem fengu flest atkvæði eru eftirfarandi:

- Mælaborð fyrir ráðuneyti, lykilstærðir (7 stig)
- Vöruhús gagna (6 stig)
- Landsupplýsingakerfi, t.d. kjördæmaskipting, efnahagsþróun, íbúáþróun o.s.frv. (6 stig)
- Mælaborð útflutnings eins og gert hefur verið fyrir ferðaþjónustu. Myndræn framsetning til að sjá fyrir sambandið milli gagna (6 stig)
- Fleiri undirliðir þjóðhagsreikninga á ársfjórðungstíðni s.s. undirfl.fjárfestinga og einkaneyslu (4 stig)
- Búa til Data mart (almennt gagnagrunnssvæði) og gefa stofnunum og/eða almenningi aðgang til að vinna betur með gögn og fá yfirsýn yfir gögnin (3 stig)
- Efnahagslegur leki í ferðaþjónustu „hvert er eignarhald fyrirtækja í ferðaþjónustu“? (3 stig)
- Nýta öll gagnasöfn sem eru til staðar til þess að áætla útgjöld ferðamanna í mánuði niður á þjóðerni (3 stig)
- Birta rekstur og efnahag fyrirtækja í undirgreinum (3 stig)
- Tilkynningar á vef ættu að innihalda útskýringar á hugtökum neðanmáls (2 stig)
- Gagnabanki með gröfum/töflum sem hægt er að innfella í fréttir á vefmiðlun (gagnvirk gröf/töflur sbr. infogram) (2 stig)
- Flokkunarkerfi mætti vera skýrara (1 stig)
- Frekari greining og framsetning á gögnum (1 stig)
- Í allri umfjöllun um gögnin mætti styðjast við eitthvað til samanburðar. Söguleg gögn, önnur gögn eða landshluta. Mikilvægt að varpa betra ljósi á stærra samhengi. (1 stig)

Endurgjöf notenda var mikilvægt innlegg í stefnumótun Hagstofunnar sem fór fram á síðasta ári. Niðurstaða stefnumótunar var að Hagstofa Íslands ætli að vera framsækin þekkingarmiðstöð sem veiti góða þjónustu og stuðli að upplýstu samfélagi. Settar voru lykilaðerslur og markmið fyrir starfseminu og í kjölfarið hafa metnaðarfullar aðgerðir verið mótaðar til þess að ná markmiðum. Nýtt slagorð Hagstofu Íslands er **Upplýst samfélag** og eitt af lykilmarkmiðum er að þekkja þarfir notenda.

Hröð þróun hefur átt sér stað í heimi tækninnar á síðastliðnum árum. Sú þróun er komin til að vera og er hluti af svokallaðri fjórðu iðnbyltingu. Með henni er ör þróun til sjálfvirknivæðingar með öflugri tækni, sem mun hafa víðtæk áhrif. Framtíðin býður því upp á krefjandi áskoranir og tækifæri. Því eru áherslur Hagstofu Íslands áttaviti til þess að takast á við framtíðina og nýta sér þau tækifæri sem ný tækni veitir.



Stór hluti af þeim hugmyndum sem fram komu á fundum notendahópa fóru inn í verkefni nýrrar stefnu stofnunarinnar. Hér á eftir verður farið yfir nokkur verkefni sem urðu til:

Verkefni um að búa til hugatakalista (útskýringar á hugtökum neðanmáls í fréttum), mun hefjast á þessu ári. Listi af þessu tagi ætti bæði að hjálpa við gera flokkunarkerfi skýrari og einnig að styðja við betri greiningar.

Átak verður gert í fréttaskrifum á árinu. Verkefni í tengslum við það hafa verið sett á stað, sérstaklega varðandi ítarlegri greiningar og framsetningu á gögnum auk þess að koma á mótis við notendur, sjá meiri samanburð og samhengi bæði yfir tíma og við önnur ríki.

Í stefnunni er einnig verkefni um samhæfingu á gagnaaðgangi og gagnaframsetningu. Verkefnið er mjög umfangsmikið og mun taka nokkur ár en er nauðsynlegur hornsteinn til að geta mætt kröfum notenda.

Hagstofan setti upp vísasíðu í lok síðasta árs og þar má finna yfirlit yfir öll vísasöfn Hagstofu Íslands. Vísasafnið er samantekt mælikvarða sem gefur yfirlit yfir stöðu á tilteknu sviði og eiga það sameiginlegt að byggja annað hvort á kenningarfræðilegum ramma eða stefnumótun stjórnvalda. Vísasafn fyrir hagsæld er í bígerð og annað fyrir þjóðaröryggi er í þróun. Þá verða gerðar endurbætur á sjálfri vísasíðunni til að gera hana notendavænni. Vefslóð á vísasíðuna er <https://visar.hagstofa.is/>

Á síðasta ári var sett á stað verkefni sem kallast „Gagnagátt“, en markmiðið með verkefninu er að búa til eina sameiginlega gagnagátt sem heldur utan um öll gagnasamskipt við notendur. Einnig stendur til að breyta gjaldskrá Hagstofunnar þannig að gjaldtaka samkvæmt línufjölda afhentra gagna verði hætt og eingöngu stuðst við útselda tíma. Línufjöldinn gat leitt til þess að stórar sérvinnslur yrðu dýrar og eru þessar breytingar til að reyna að koma til móts við kröfur notenda um að hagnýta sér stærri gagnasöfn Hagstofunnar á hagkvæmara verði.

Útgáfum hefur verið hraðað og í byrjun apríl byrjaði Hagstofan að gefa út tilraunatölfræði þar sem tölur eru birtar fyrr en ella. Tilraunatölfræði er ætlað að styðja við opinberar hagtölur og auka framboð þeirra með því að hvetja til nýsköpunar í framleiðslu hagtalna og miðla áhugaverðum tölum hraðar til notenda.

Tilraunatölfræði er ætlað að vera tímabundin en getur einnig verið stök birting, upphaf að reglulegri birtingu á nýjum hagtölum eða hluti af umbótaferli hagtalna sem þegar eru í reglulegri útgáfu. Með útgáfu tilraunatölfræði gefst tækifæri til nýbreytni í hagtölugerð sem hefur aukið notagildi fyrir notendur. Til dæmis gefst með útgáfu tilraunatölfræði tækifæri til þess að birta tölfræði sem byggir á nýjum gögnum eða tiltækum gögnum sem veita nýjar upplýsingar um málefni líðandi stundar. Auk þess veitir tilraunatölfræði tækifæri til að birta hagtölur sem unnar eru með nýjum aðferðum sem ennþá eru í þróun.

Áætlað er að næstu fundir notendahópa verði í haust með svipuðu sniði. Fundargerðir frá notendafundum má nálgast hér: <https://hagstofa.is/um-hagstofuna/samstarf-vid-notendur/fundargerdir-notendahopa/>

Að lokum viljum við þakka ykkur fyrir þátttöku í notendahópum og hafa þannig stuðlað að upplýstara samfélagi.

Hagstofa Íslands.